

From: Páll Guðjónsson <pall@ssh.is>  
Date: 28 May 2018 at 10:48:14 GMT

Subject: Frá SSH - Kosning í fulltrúaráð SSH og svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Heil og sæl

Nú að afloknum sveitarstjórnarkosningum og í aðdraganda fyrsta fundar nýrra sveitarstjórnarkosninga er rétt að vekja athygli á eftirfarandi:

a. Skipun í fulltrúaráð SSH

Samkvæmt 6. grein samþykktar SSH skipa aðildarsveitarfélögin sína fulltrúa í fulltrúaráð SSH ( sjá meðf. eintak af samþykktum SSH )

Földi fulltrúa fer eftir stærð sveitarfélaganna og m.v. íbúatölur um sl. áramót verður fulltrúafjöldi sem hér segir:

Reykjavík	9 fulltrúar
Kópavogur	5 fulltrúar
Hafnarfjörður	5 fulltrúar
Garðabær	4 fulltrúar
Mosfellsbær	4 fulltrúar
Seltjarnarnes	2 fulltrúar
Kjósarhreppur	2 fulltrúar

**Vek athygli á að Mosfellsbær fær nú 4 fulltrúa í stað 3ja fulltrúa áður**

**Vek ennfremur athygli á nýju ákvæði í 6. grein samþykktanna þar sem segir: "Framboði sem á kjörinn fulltrúa í sveitarstjórn en á ekki kjöfinn fulltrúa í fulltrúaráðið skvæmt framangreindu er þó heimilt að tilnefna einn fulltrúa til setu í fulltrúaráðinu með málfrelsi og tillögurétt"**

**Skipun fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins**

Í gildandi starfsreglum fyrir svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins segir í 1. grein:

**" Hver sveitarstjórn skipar tvo fulltrúa í nefndina að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Varamenn eru ekki tilnefndir, en við samþykkt tillagna og afgreiðslu mála sem koma til umfjöllunar nefndarinnar skal þess gætt að a.m.k. einn fulltrúi hvers sveitarfélags hafi tækifæri til að greiða atkvæði"**

Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar fylgja hjálagt.

Í samræmi við ofangreint þurfa nýkjörnar sveitarstjórnir að tilnefna tvo fulltrúa hver til setu í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins til næstu fjögurra ára.

Óskað er eftir því að skrifstofu SSH verði tilkynnt um skipun fulltrúa í samræmi við ofanritað um leið og niðurstaða liggur fyrir, bæði nöfn og netföng viðkomandi.

Ef eitthvað er óljóst þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan

Með góðri kveðju

# STARFSREGLUR

## fyrir svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

### 1. gr.

Í samræmi við ákvæði 9. greinar og 2. mgr. 22. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna frá 6. ágúst 2012 hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur, hafa komið á fót svæðisskipulagsnefnd, til að vinna svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, viðhalda því og annast reglubundna endurskoðun. Nefndin starfar í umboði og undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarfélaga sbr. ákvæði 3. mgr. 22 greinar skipulagslaga.

Hver sveitarstjórn skipar tvo fulltrúa í nefndina að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Varamenn eru ekki tilnefndir, en við samþykkt tillagna og afgreiðslur mála sem koma til umfjöllunar nefndarinnar skal þess gætt að a.m.k. einn fulltrúi hvers sveitarfélags hafi tækifæri til að greiða atkvæði.

### 2. gr.

Svæðisskipulagsnefnd kýs sér formann, varaformann og ritara. Til þess að annast starf milli funda og undirbúa fundi svæðisskipulagsnefndar starfar 7 manna framkvæmdanefnd. Formaður svæðisskipulagsnefndar, varaformaður og ritari eiga sæti í framkvæmdanefndinni, svo og menn að auki sem svæðisskipulagsnefnd kýs úr sínum hópi. Þá starfar sérstakt fagråd sem í eiga sæti skipulagsstjórar sveitarfélaganna með framkvæmdanefndinni. Formaður svæðisskipulagsnefndar er jafnframt formaður framkvæmdanefndar. Skrifstofa Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annast stjórnsýslu er varðar starf nefndarinnar og fjármál svæðisskipulagsins, og skal svæðisskipulagsstjóri ( eða annar starfsmaður SSH ) starfa með nefndunum.

### 3. gr.

Hlutverk svæðisskipulagsnefndar er í aðalatriðum tvíþætt. Annars vegar að fylgjast með þróun og framkvæmd gildandi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og fjalla um og afgreiða breytingar á því. Hins vegar að annast reglubundna heildarendurskoðun og vinna nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

### 4. gr.

Fundi í svæðisskipulagsnefnd skal halda eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Fundir skulu boðaðir með viku fyrirvara að jafnaði og fylgi tillaga að dagskrá fundarboði. Fundur er lögmætur ef formaður eða varaformaður ásamt 6 öðrum nefndarmönnum eru viðstaddir. Leitast skal við að ná samkomulagi um sem flestar ákvarðanir og afgreiðslur svæðisskipulagsnefndarinnar, takist það ekki ræður afl atkvæða. Samkvæmt 25. gr. skipulagslaga telst svæðisskipulag eða breyting á því einungis samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það. Svæðisskipulagsnefnd sendir samþykktu tillögu til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.

Svæðisskipulagsnefnd skal halda gerðabók og skulu fundargerðir jafnan lagðar fram til samþykktar í lok fundar. Jafnframt skulu þær sendar hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

### 5. gr.

Kostnaður við gerð eða endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins greiðist af aðildarsveitarfélögum og Skipulagssjóði í samræmi við 2. tölul. 18. greinar skipulagslaga, svo sem vegna aðkeyptrar vinnu ráðgjafa eða sérfræðinga og gagnaöflunar sem nauðsynleg er vegna skipulagsverkefnis. Annar kostnaður vegna svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins greiðist úr sameiginlegum sjóði sem aðildarsveitarfélögin skulu mynda í þessu skyni, þ.e. kostnaður SSH vegna umsýslu og reksturs svæðisskipulagsins, laun nefndarmanna og kostnaður vegna ljósrita, prentunar og kynninga og annar fundarkostnaður. Árlegur kostnaður vegna starfa nefndarinnar skiptist milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember viðkomandi árs. Kostnaður vegna breytinga sem afmarkast við einstök sveitarfélög, undirbúningur þeirra og kynning, greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.

Ekki er gert ráð fyrir að vinnuframlag einstaka stofnana innan sveitarfélaganna, s.s. vegna gagnaöflunar og samræmingarvinnu verði reikningsfært heldur beri hvert sveitarfélag kostnað vegna þess.

Svæðisskipulagsnefnd skal setja fram starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár og leggja fyrir aðildarsveitarfélögin tímanlega vegna gerðar fjárhagsáætlana sveitarfélaganna hverju sinni.

### 6. gr.

Starfsreglur þessar sem unnar eru af svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins ssamþykktast hér með samkvæmt 4. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum.

# SAMÞYKKT SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

## 1. gr.

Samtökin heita „Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu“ skammstafað SSH. Varnarþing þeirra skal vera í því sveitarfélagi þar sem aðalskrifstofa SSH er á hverjum tíma.

SSH starfar á grundvelli ákvæða sveitarstjórnarlaga um landshlutasamtök sveitarfélaga.

## 2. gr.

### Tilgangur og markmið

Markmið samtakanna er:

- að vera vettvangur samráðs og samstarfs aðildarsveitarfélaganna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og vera sameiginlegur málsvari þeirra.
- að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- að vinna að framþróun til hagsældar fyrir íbúa svæðisins.

SSH skal hafa frumkvæði að vöktun, greiningu, umræðu og kynningu á málum sem líkleg eru til að stuðla að framgangi ofangreindra markmiða. Með sama hætti skal SSH fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnarmála jafnt innalands sem erlendis og miðla þeim til aðildarsveitarfélaganna.

SSH skal standa fyrir reglubundnu samráði við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir um málefni er varða hag sveitarfélaganna og vinna með þeim hætti að framþróun og hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.

SSH er sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna til að fjalla um rekstur þeirra byggðasamlaga sem sveitarfélögin reka sameiginlega hverju sinni, og sama gildir um önnur hliðstæð verkefni á vegum aðildarsveitarfélaganna s.s. svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Nánar verði kveðið á um hlutverk stjórnar SSH og fulltrúaráðs SSH í eigendastefnu byggðasamlaganna.

3. gr.  
Aðildarsveitarfélög

Aðilar að SSH eru eftirtalin sveitarfélög:

Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

4. gr.  
Aðalfundur

Aðalfundur SSH skal haldinn eigi síðar en 15. nóvember ár hvert.

Fulltrúar á aðalfundinum með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt skulu vera allir kjörnir sveitarstjórnarmenn þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að SSH á hverjum tíma en varamenn þeirra skulu á sama hátt vera varafulltrúar þeirra á aðalfundinum, einnig stjórnarmenn SSH eða varamenn þeirra. Taki kjörinn sveitarstjórnarmaður sæti í stjórn SSH skal hann sitja fundinn sem slíkur en varamaður hans taka sæti sem fulltrúi á fundinum.

Eftirtaldir liðir skulu vera á dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár.
2. Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár.
3. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda.
5. Önnur mál sem stjórn SSH eða einstök sveitarfélög óska eftir að tekin verði til umræðu á aðalfundi.

Skoðunarmenn ársreikninga og tveir varamenn skulu koma úr hópi kjörinna aðalmanna í sveitarstjórnnum.

5. grein  
Stjórn

Stjórn SSH skal skipuð framkvæmdastjórum þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að SSH hverju sinni. Hver sveitarstjórn tilnefnir varamann úr röðum kjörinna sveitarstjórnarmanna aðildarsveitarfélaga SSH.

Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn og skipta aðildarsveitarfélögin með sér formennskunni. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum að öðru leyti.

## 6. grein Fulltrúaráð

Á fyrsta aðalfundi SSH eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar skal skipað sérstakt fulltrúaráð samkvæmt tilnefningu aðildarsveitarfélaganna.

Aðildarsveitarfélögin skipa fulltrúa til setu í fulltrúaráðinu sem hér segir:

Sveitarfélag með:

allt að - 5.000 íbúa	2 fulltrúar
5.001 - 10.000 íbúa	3 fulltrúar
10.001 - 20.000 íbúa	4 fulltrúar
20.001 - 50.000 íbúa	5 fulltrúar
50.001 - 100.000 íbúa	7 fulltrúar
yfir 100.000 íbúa	9 fulltrúar

Eingöngu aðalmenn í sveitarstjórn eru kjörgengir í fulltrúaráðið. Fulltrúar sveitarfélaganna sem skipaðir eru samkvæmt framangreindu hafa atkvæðisrétt á fundum fulltrúaráðsins.

Framkvæmdastjórnar sveitarfélaganna (stjórn SSH) og framkvæmdastjóri SSH eiga enn fremur sæti í fulltrúaráði SSH með málfrelsi og tillögurétt. Framboði sem á kjörinn fulltrúa í sveitarstjórn en á ekki kjörinn fulltrúa í fulltrúaráðið samkvæmt framangreindu er þó heimilt að tilnefna einn fulltrúa til setu í fulltrúaráðinu með málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk fulltrúaráðs SSH er að mynda samráðsvettvang vegna reksturs þeirra byggðasamлага sem sveitarfélögin reka sameiginlega hverju sinni, sem og vegna annarra samrekstrarverkefna sveitarfélaganna eins og ákveðið verður í hverju tilfelli fyrir sig. Nánar verði kveðið á um ábyrgð, hlutverk og samskipti sveitarstjórna, stjórnar SSH, fulltrúaráðs SSH og stjórna byggðasamlaganna í sérstakri eigendastefnu og stofnsamþykktum byggðasamlaganna.

Fulltrúaráðið setur sér starfsreglur sem lagðar skulu fram til staðfestingar á aðalfundi SSH.

Fastir fundir fulltrúaráðs SSH skulu vera tvisvar á ári. Fyrri fundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar og fjalla m.a. um ársreikninga byggðasamlaganna fyrir liðið ár. Síðari fundur skal haldinn fyrir lok septembermánaðar og á honum skal m.a. fjallað um fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna fyrir komandi starfsár.

Fulltrúaráðið skal enn fremur á síðari reglulegum fundi sínum ár hvert fjalla um starfsáætlun stjórnar og fjárhagsáætlun komandi árs sbr. ákvæði 9. greinar.

Um boðun funda og önnur atriði er fulltrúaráðið varðar skal kveðið á um í starfsreglum fulltrúaráðsins.

Stjórn SSH boðar til fyrsta fundar fulltrúaráðsins á hverju kjörtímabili og getur þess utan kallað fulltrúaráðið saman til aukafunda til umfjöllunar um mikilvæg málefni er varða stefnumótun vegna reksturs og þjónustu byggðasamlaganna sem taka þarf ákvarðanir um, í samræmi við ákvæði í eigendastefnu eða stofnsamþykktir byggðasamlaganna.

#### 7. grein. Starfsnefndir

Stjórn SSH getur tilefnt starfsnefndir til að annast framkvæmd einstakra verkefna. Við kjör slíkra nefnda skal kveða á um hlutverk, starfstíma og verklok viðkomandi nefndar. Einstökum stjórnarmönnum SSH er heimilt að sitja fundi slíkra nefnda.

#### 8. grein. Framkvæmdastjóri

Stjórn SSH ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið með samþykki stjórnar SSH. Um skyldur og réttindi starfsfólks SSH, þ.m.t. launakjör skal taka hliðsjón af gildandi reglum og launasamningum hjá Launanefnd Sambands íslenkra sveitarfélaga hverju sinni.

#### 9. grein. Fjármál

Eigi síðar en í lok októbermánaðar ár hvert skal stjórnin senda aðildarsveitarfélögum SSH áætlun um starfsemi samtakanna fyrir næsta ár ásamt fjárhagsáætlun sem afgreiddar skulu á aðalfundi SSH og staðfestar í sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna. Hafni sveitarstjórn að staðfesta samþykktu fjárhagsáætlun skal stjórn SSH boða til aukaaðalfundar innan fjögurra vikna.

Kostnaður við rekstur samtakanna greiðist í hlutfalli við íbúatölu aðildarsveitarfélaganna sbr. staðfesta fjárhagsáætlun og með framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Allur kostnaður utan samþykkrar fjárhagsáætlunar sem fellur á SSH skal samþykktur af stjórn samtakanna og greiðist hann í hlutfalli við íbúatölu aðildarsveitarfélaganna. Heimilt er að færa rekstrarafgang allt að 5% af heildarútgjöldum sbr. fjárhagsáætlun, milli ára. Fari útgjöld umfram heimild í fjárhagsáætlun dregst samsvarandi upphæð frá rekstrarframlögum aðildar-sveitarfélaga næsta rekstrarár.

Sveitarstjórnir skuldbinda sig til að greiða mánaðarlega fyrirfram 1/12 hluta af áætluðum kostnaði viðkomandi sveitarsjóðs við rekstur SSH.

Sérstakt reikningshald skal fært fyrir SSH og skal það endurskoðað af kjörnum endurskoðendum samtakanna, síðan lagt fyrir stjórnina og að lokum fyrir aðalfund til samþykktar.

10. grein.

Ef stjórn SSH samþykkir að taka upp samstarf um einstaka málaflokka og kostnaður við verkefnið nemur sem svarar yfir 5% af heildarútgjöldum SSH á ársgrundvelli, skal bera það upp til samþykktar í sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna.

11. grein.

Stjórn SSH getur aldrei bundið aðildarsveitarfélögin nokkrum fjárhagsskuld-bindingum, sem eru utan staðfestrar fjárhagsáætlunar eða eru umfram ráðstöfunarheimildir stjórnar sbr. 9. grein, nema með formlegu samþykki allra aðildarsveitarfélaganna.

12. grein.

Tillögum stjórnar SSH um þau mál sem falla utan fjárhagsáætlunar, verksviðs samstarfsráðs eða svæðisskipulagsráðs og eru umfram ráðstöfunarheimildir stjórnar sbr. 9. grein, skal komið án tafar til sveitarstjórna til afgreiðslu eða umsagnar.

13. grein.

Samþykkt þessari verður aðeins breytt á aðalfundi SSH, enda hafi breytingartillögur verið kynntar með minnst mánaðarfyrirvara og þær hlotið samþykki með 2/3 hlutum atkvæða á aðalfundi.

Með samþykki samþykktar þessarar fellur úr gildi eldri samþykkt SSH.

**Samþykkt á aðalfundi SSH . 2. desember 2016**